

MENNING

menning@24stundir.is

➤ Næsta skref hjá mér er að taka þátt í samsýningu í Berlín í lok febrúar.



Íslensk bönd á By:Larm 2008

Í kjölfar samstarfs Iceland Airwaves og norsku tónlistarhátíðinnar og ráðstefnunnar By:Larm munu hljómsveitirnar FM Belfast, Bloodgroup og Benni Hemm Hemm leika á By:Larm 2008 í Ósló í næsta mánuði. Um er að ræða stærstu tónlistarráðstefnu Skandinavíu sem flakkar milli stærstu byggðarlaga Noregs.



Menningar-samningur

Menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra undirrituðu nýjan menningarsamning til þriggja ára við Samband sveitarfélaga á Austurlandi í gær, miðvikudaginn 9. janúar. Um er að ræða þriðja samninginn milli ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál en fyrsti samningur var undirritaður árið 2001.

Listamaður á ferð og flugi

Fagurfræði á Listasafninu

Janúarmánuður hefur alltaf verið þekktur sem daufasti mánuður ársins en Listasafn Íslands ætlar að sporna við leiðindunum með því að halda spennandi listsýningar fyrir alla landsmenn.

Eftir Írisi Ólmu Vilbergsdóttur iris@24stundir.is

Ingirafn Steinarsson listamaður hefur opnað sýningu í Listasafni Reykjavíkur en hún samanstendur af myndbandi, sýningargrip og teikningu. „Hugtakið sem ég vann eftir við sköpun sýningarinnar er

INGIRAFN STEINARSSON

➤ Útskrifaðist með mastersgráðu frá Listaháskólanum í Malmö í Svíþjóð árið 2005 eftir nám í Listaháskólanum í Vín í Austurríki árið 2003 og Myndlista og handíðaskóla Íslands 1996-1999.

➤ Hefur sýnt verk sín á einka- og samsýningum á Íslandi síðan 1998 og einnig tekið þátt í sýningum í nokkrum borgum Evrópu og Bandaríkjanna.



Listrænn Ingirafn er hugmyndabrunnur

24stundir/Eggert

fagurfræði í virkni og verkin fjalla öll um þetta hugtak en hvert þeirra fyrir sig er unnið út frá misjöfnum menningarlegum forsendum," segir Ingirafn. Sýning stendur yfir í tæpa tvo mánuði en

Ingirafn hefur sett saman fjölda sýninga á verkum sínum síðustu ár.

Fjöl margar sýningar

„Ég er með vefsíðuna www.this.is/ingirafn þar sem hægt er að fá allar upplýsingar um sýn-

ingarnar sem ég hef tekið þátt í.“ Fyrsta einstaklingssýning Ingirafns var haldin í Gallery Gulp árið 1998 og ári síðan tók hann þátt í sinni fyrstu samsýningu. Hann hefur einnig tekið þátt í ýmiss konar verkefnum sem birst hafa í sjónvarpi og á internetinu.

Ingirafn hefur hlotið ýmsa styrki en þar á meðal er listastyrkur frá Reykjavíkurborg árið 2000, frá menntamálaráðuneytinu árið 2003 og frá Landsbanka Íslands árið

2004. Styrkina hefur hann nýtt til þess að þróa list sína enn frekar og árangurinn má sjá á sýningunni.

Samsýning í Berlín

„Næsta skref hjá mér er að taka þátt í samsýningu Berlín í lok febrúar. Þar sýni ég ásamt hóp sem kallar sig Global Alien sem veltir fyrir sér sjálfmynd þjóða, landmærum og innflytjendapólitík. Þetta er að sjálfsgöðu mjög spennandi verkefni.“

SPRENGIÚTSALA


20-50% AFSLÁTTUR

VAXTALAUS LÁN Í 6 MÁNUÐI

EITT BESTA ÚRVAL LANDSINS Á HEILSUDÝNUM



BYLTING Í SVEFNLAUSNUM



GEL OG ETHANOL ELDSTÆÐI



www.rumgott.is